

Kirkjuþing 2022-2023

17. mál – þskj. 57

Nefndarálit

við tillögu til þingsályktunar um skýrslu nefndar um vígða þjónustu Þjóðkirkjunnar.

Frá allsherjarnefnd.

Frsm. Púriður Björg Wium Árnadóttir.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að kirkjuþing samþykki eftirfarandi

þingsályktun:

Kirkjuþing þakkar fyrir greinargóða skýrslu starfshópsins og leggur til að skýrslunni verði vísað til biskupafundar til hliðsjónar við árlega endurskoðun sína á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma.

Kirkjuþing leggur áherslu á að hlutverk biskupafundar er meðal annars að gera tillögur um breytingar á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma á grundvelli starfsreglna, þingsályktana og stefnumörkunar kirkjuþings og býr mál er varða breytingar í þeim efnunum í hendur kirkjuþings, sbr. 5 gr starfsreglna um biskupafund nr. 34/2022-2023.

Kirkjuþing hvetur biskupafund til náins samtals við sóknirnar í landinu við sameiningar og endurskipulag þjónustunnar í héraði, og leggur áherslu á að við breytingar sé tillit tekið til aðstæðna á hverjum stað.

Gígja Eyjólfsdóttir og Auður Thorberg voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Reykjavík, 14. nóvember 2022.

Allsherjarnefnd.

Axel Árnason Njarðvík, varaformaður.

Áslaug Kristjánsdóttir.

Benjamín Hrafn Böðvarsson.

Eva Björk Valdimarsdóttir.

Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Ólafur Gestur Rafnsson.

Rúnar Vilhjálmsson.

Púriður Björg Wium Árnadóttir, formaður.